

Landsvirkjun
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Reykjavík, 11. ágúst 2025
UOS2507165/V.L.J

Bráðabirgðaheimild fyrir Hvammsvirkjun

Vísað er til erindis Landsvirkjunar, kt. 420269-1299, til Umhverfis- og orkustofnunar, dags. 11. júlí 2025, þar sem sótt er um virkjunarleyfi til bráðabirgða fyrir Hvammsvirkjun, 95 MW, í samræmi við 4. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003, sbr. nánar 1. gr. laga nr. 42/2025 um breytingu á raforkulögum og lögum um stjórn vatnamála.

Í 1. mgr. 4. gr. a. raforkulaga kemur fram að Umhverfis- og orkustofnun sé heimilt í sérstökum undantekningartilvikum, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi vegna virkjunarframkvæmda skv. 4. gr. raforkulaga, að veita umsækjanda bráðabirgðaheimild að hans beiðni. Heyri framkvæmdin undir lög um umhverfismat framkvæmda og áætlaða er skilyrði að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. a. raforkulaga er skilyrði fyrir því að unnt sé að óska eftir bráðabirgðaheimild að fullnægjandi umsókn um virkjunarleyfi liggi fyrir hjá Umhverfis- og orkustofnun. Í umsókn um bráðabirgðaheimild skal tilgreina skýrt tilgang, ástæður og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma heimildar. Þá segir í 4. mgr. sama ákvæðis að bráðabirgðaheimild skal háð skilyrðum sem Umhverfis- og orkustofnun setur í samræmi við þær kröfur sem gerðar eru til viðkomandi starfsemi, sbr. 5. gr. laganna.

Forsaga

Orkustofnun var lögð niður 31. desember 2024. Þann 1. janúar 2025 tók Umhverfis- og orkustofnun til starfa. Umhverfis- og orkustofnun tók við verkefnum, réttindum og skyldum, eignum og skuldbindingum Orkustofnunar og þess hluta af starfsemi Umhverfisstofnunar er lýtur að umhverfis- og loftslagsmálum, sbr. 1. mgr. 7. gr. laga nr. 110/2024 um Umhverfis- og orkustofnun.

Umsókn um virkjunarleyfi barst Orkustofnun fyrst þann 8. júní 2021 og var leyfi veitt þann 6. desember 2022. Leyfið var fellt úr gildi með úrskurði úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála í máli nr. 3/2023 þar sem ekki hefði verið leitað eftir afstöðu Umhverfisstofnunar í tengslum við það hvort fyrirhuguð framkvæmd samræmdist vatnaáætlun. Þann 16. janúar 2023 sótti Landsvirkjun um heimild Umhverfisstofnunar til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá 1 á grundvelli 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála og var heimildin veitt þann 9. apríl 2024. Virkjunarleyfi var veitt á ný þann 12. september

2024. Þann 15. janúar 2025 felldi Héraðsdómur Reykjavíkur ákvörðun Umhverfisstofnunar ásamt ákvörðun Orkustofnunar um veitingu nýs virkjunarleyfis úr gildi með dómi í máli nr. E-2457/2024. Hæstiréttur staðfesti niðurstöðu héraðsdóms þann 9. júlí 2025 með dómi í máli nr. 11/2025. Hefur Landsvirkjun nú óskað eftir að Umhverfis- og orkustofnun hefji á ný málsmeðferð við afgreiðslu á umsókn um virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar og um heimild til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá 1 en slík beiðni barst stofnuninni þann 14. júlí sl. Umhverfis- og orkustofnun hefur farið yfir þau gögn sem liggja til grundvallar umsókninni og metið umsóknina fullnægjandi. Umsókn um virkjunarleyfi vegna Hvammsvirkjunar var auglýst á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar 18. júlí 2025 og var þeim er málið varðaði gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum eigi síðar en 15. ágúst 2025.

Umsókn um bráðabirgðaheimild

Umhverfis- og orkustofnun barst umsókn Landsvirkjunar um bráðabirgðaheimild þann 11. júlí sl. Í umsókn um bráðabirgðaheimild skal tilgreina skýrt tilgang, ástæður og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma heimildar, sbr. 2. málsl. 3. mgr. 4. gr. a. raforkulaga. Í umsókn Landsvirkjunar kemur fram að sótt sé um heimildina til að tryggja að hægt verði að halda áfram með framkvæmdir við Hvammsvirkjun til að tryggja raforkuöryggi og mæta þeirri raforkuþörf sem er fyrir hendi. Ástæða umsóknar er framangreindur dómur Hæstaréttar í máli nr. 11/2025 þar sem staðfest var niðurstaða Héraðsdóms Reykjavíkur um ógildingu virkjunarleyfis, dags. 12. september 2024, og ákvörðunar um heimild til breytingar á vatnshloti, dags. 9. apríl 2024. Framkvæmdir hófust í desember 2024 í samræmi við framkvæmdaleyfi sem gefin voru út af Rangarþingi ytra þann 29. október 2024 og Skeiða- og Gnúpverjahreppi þann 4. nóvember 2024. Á gildistíma bráðabirgðaheimildarinnar er fyrirhugað að halda áfram undirbúningsframkvæmdum sem felast í uppsetningu vinnubúða, aðkomuvegi og annarri vegagerð innan framkvæmdasvæðis og efnisvinnslu fyrir vegagerð auk raf-, fjar- og hitavatnsveitu vinnubúða- og framkvæmdasvæðis. Framangreindar framkvæmdir eru ekki í eða við vatnsfarveg og munu því hvorki hafa bein né óbein áhrif á vatnshlot, ástand vatnshlota eða umhverfismarkmið þeirra. Að öðru leyti vísast til erindis Landsvirkjunar, dags. 11. júlí 2025, sem birt var á vefsíðu stofnunarinnar 18. júlí sl. Umsóknin er að mati Umhverfis- og orkustofnunar í samræmi við 3. mgr. 4. gr. a. raforkulaga en þar er tilgreint tilgang, ástæður og fyrirhugaðar aðgerðir á gildistíma bráðabirgðaheimildarinnar.

Skilyrði fyrir veitingu bráðabirgðaheimildar

Umhverfis- og orkustofnun telur skilyrði fyrir veitingu bráðabirgðaheimildar skv. 4. gr. a. raforkulaga uppfyllt.

Fyrir liggur fullnægjandi umsókn um virkjunarleyfi, dags. 8. júní 2021, með síðari viðbótum líkt og lýst var að framan, sbr. nánar skilyrði 3. mgr. 4. gr. a. raforkulaga.

Þá er gert að skilyrði samkvæmt síðari málslíð 1. mgr. 4. gr. a. að fyrir liggi mat á umhverfisáhrifum vegna starfseminnar eða niðurstaða um matsskyldu hennar. Úrskurður

Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar lá fyrir 19. ágúst 2003. Þann 16. desember 2015 tók Skipulagsstofnun ákvörðun um endurskoðun matsskýrslu að hluta til og þann 12. mars 2018 lá fyrir álit stofnunarinnar um mat á umhverfisáhrifum framkvæmdarinnar varðandi tiltekna þætti hennar, sem talin hafði verið þörf á að endurskoða.

Eins og áður hefur verið vikið að er jafnframt gert að skilyrði að um ræði sérstakt undantekningartilvik, þegar brýn þörf er á að hefja eða halda áfram starfsemi vegna virkjunarframkvæmda, sbr. nánar fyrri málslið 1. mgr. 4. gr. a. raforkulaga. Í erindi Landsvirkjunar, dags. 11. júlí 2025, kemur fram að tilgangur með umsókn um bráðabirgðaheimild sé að tryggja að hægt verði að halda áfram með framkvæmdir við 95 MW Hvammsvirkjun, sem mun auka raforkuframleiðslu um 740 GWst til að tryggja raforkuöryggi og mæta þeirri raforkuþörf sem er fyrir hendi. Í umsókninni er gerð grein fyrir því að brýn þörf er á að halda áfram uppbyggingu Hvammsvirkjunar enda muni tafir á uppbyggingu hennar leiða af sér auknar líkur á viðvarandi orkuskorti og lengja það tímabil sem raforkuöryggi þjóðar og þar með almannahag og efnahag er ógnað. Landsvirkjun hafði áður fengið öll tilskilin leyfi fyrir Hvammsvirkjun, en vegna skorts á lagaheimild voru fyrrnefndar ákvarðanir Umhverfisstofnunar um heimild til breytingar á vatnshlotinu Þjórsá 1 og Orkustofnunar um veitingu virkjunarleyfis, felldar úr gildi. Að mati Hæstaréttar bar að skýra þágildandi ákvæði a-liðar 1. mgr. 18. gr. laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála þannig að girt væri fyrir að vatnshloti yrði breytt vegna áhrifa af framkvæmdum við að reisa vatnsaflsvirkjun. Tafir þær sem orðið hafa á framkvæmdum vegna Hvammsvirkjunar frá þeim tíma er umsókn um virkjunarleyfi barst Orkustofnun í upphafi árs 2021, eru að meginstefnu til afleiðing annmarka á málsmeðferð og lagasetningu sem leitt hafa til þess að leyfi vegna virkjunarinnar hafa verið felld úr gildi. Í þessu sambandi ber að nefna að fram kemur í greinargerð með frumvarpi því er varð að lögum nr. 42/2025 að markmið þeirra sé að bregðast við niðurstöðu dóms Héraðsdóms Reykjavíkur. Virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun var eins og fyrr segir fyrst gefið út af Orkustofnun þann 6. desember 2022 og verða því liðin tæplega þrjú ár frá þeim tíma við útgáfu leyfis þessa til bráðabirgða. Líta má svo á að verði virkjunarleyfi, ásamt heimild til breytingar á vatnshloti, veitt á ný, sé unnt að ráðast í frekari framkvæmdir fyrr þar sem undirbúningsframkvæmdum yrði þá lokið, eða í það minnsta komnar langt á leið, og forðast megi því frekari tafir á gangsetningu Hvammsvirkjunar.

Umhverfis- og orkustofnun telur að þær tafir sem hafa orðið á framkvæmdum virkjunarinnar, sökum annmarka á málsmeðferð og lagasetningu, uppfylli skilyrði 4. gr. a. raforkulaga um veitingu bráðabirgðaheimildar.

Málsmeðferð

Umsókn um bráðabirgðaheimild var auglýst á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar þann 18. júlí sl. Í samræmi við 2. másl. 5. mgr. 4. gr. a. raforkulaga var þeim er málið varðaði gefið færi á að kynna sér umsóknina og koma á framfæri sjónarmiðum sínum eigi síðar en 5. ágúst sl.

Ein umsögn við umsóknina barst frá Náttúruverndarsamtökum Íslands þann 5. ágúst sl. Umsögnin var send Landsvirkjun til athugasemda þann 6. ágúst sl. og bárust þær stofnuninni sama dag.

Umsögn Náttúruverndarsamtaka Íslands:

Í umsögn sinni benda Náttúruverndarsamtök Íslands á að jafnvel þótt umsækjandi hafi fengið öll tilskilin leyfi til framkvæmda hafi þau ítrekað verið felld úr gildi, ella hefði ekki verið sótt um virkjunarleyfi til bráðabirgða. Einnig er gerð athugasemd við þann hluta umsóknar er varðar tilgang með umsókn og brýna þörf, en samtökin segja viðvarandi orkuskort ekki yfirvofandi og að frekari skýringa skorti. Þá er á það bent varðandi tilgang Hvammsvirkjunar, hvort í upptalningu í umsókn sé verið að lýsa stefnu Landsvirkjunar eða stefnu stjórnvalda og að tilvísanir í spár Landsnets verði að taka með fyrirvara enda hafi Landsnet til skamms tíma verið í eigu Landsvirkjunar, auk þess að hafa beina hagsmuni af aukinni framleiðslu Landsvirkjunar. Að því er varðar þann hluta umsóknar er lýtur að því að tafir gangsetningar Hvammsvirkjunar hamli orkuskiptum og sjálfbærri atvinnuuppbyggingu, er á það bent að ekkert komi fram um á hvaða hátt bygging virkjunarinnar muni stuðla að nauðsynlegum orkuskiptum, mæta auknum þörfum vegna sjálfbærrar atvinnuuppbyggingar og tryggja eða stuðla að því að Ísland geti staðið við skuldbindingar sínar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda. Enn fremur er af hálfu samtakanna bent á að Landsvirkjun hafi á undanförnum árum aukið losun sína á gróðurhúsalofttegundum, en aukningin hafi verið 1,8% árið 2024 miðað við 2023 og 5% árið áður miðað við 2022. Jafnframt er gerð athugasemd við lengd afgreiðslutíma virkjunarleyfisins hjá Orkustofnun og hvort hugsanlegt sé að það megi rekja til þess að umsóknin hafi verið broguð. Í þeim efnum vísa samtökin til þess að í umsókn Landsvirkjunar um virkjunarleyfi til bráðabirgða komi fram að afgreiðslutími virkjunarleyfa hafi almennt verið 3–5 mánuðir, en að Orkustofnun hafi ekki veitt virkjunarleyfi fyrir Hvammsvirkjun fyrr en 22. desember 2022, eða tæpum 18 mánuðum eftir að umsóknin var send. Að lokum er tekið fram að í umsókn um virkjunarleyfi til bráðabirgða komi ekkert fram um áhrif Hvammsvirkjunar á laxastofna í Þjórsá.

Svör umsækjanda:

Umsækjandi, Landsvirkjun, bendir á að því er varðar ógildingu leyfa, að vegna formsatriða eða mistaka sem tengjast innleiðingu á lögum um stjórn vatnamála hafi heimild til breytingar á vatnshloti og virkjunarleyfi verið felld úr gildi. Þá hafi ákvörðun Skeiða- og Gnúpverjahrepps um að veita framkvæmdaleyfi verið ógild 2023 af sömu ástæðu, en leyfið hafði ekki verið gefið út. Önnur leyfi hafi ekki verið felld úr gildi. Leyfi Minjastofnunar og leyfi Fiskistofu liggja fyrir og framkvæmdaleyfi Rangarpings ytra og Skeiða- og Gnúpverjahrepps séu í gildi. Framkvæmdaleyfi Rangarpings ytra hafi verið kært til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála, þar sem fallist var á kröfu um stöðvun framkvæmda en úrskurður um gildi framkvæmdaleyfisins liggja ekki fyrir. Staðhæfing í umsókn er lýtur að fyrirsjáanlegum orkuskorti sé í samræmi við orkuspá og raforkuvísa Orkustofnunar (nú Umhverfis- og orkustofnun) sem og raforkuspá Landsnets, sem gefin er út í samræmi við lögbundið hlutverk

Landsnets um að fyrir liggi spá um raforkubörf á Íslandi. Það sé því eðlilegt að vísa til raforkuspá Landsnets, en í raforkuspá 2024 komi skýrt fram að viðvarandi orkuskortur sé yfirvofandi. Auknar líkur séu á því samkvæmt niðurstöðum Orkustofnunar og Landsnets vegna tafa á uppbyggingu Hvammsvirkjunar. Umsækjandi stendur við þá upptalningu sem fram kemur í umsókn að því er varðar tilgang Hvammsvirkjunar enda sé tilkoma aukinnar endurnýjanlegrar orku inn á raforkukerfi landsins nauðsynleg, bæði til að tryggja raforkuöryggi í landinu og framboð af orku til orkuskipta, sem leiða af sér samdrátt í losun, og nýrra atvinnutækifæra sem reiða sig á endurnýjanlega orku. Umsækjandi áréttar einnig að framtíðarsýn Landsvirkjunar sé sjálfbær heimur, knúinn endurnýjanlegri orku og er hlutverk félagsins að hámarka verðmæti þeirra endurnýjanlegru orkulinda sem því er trúað fyrir, með sjálfbærni og hagkvæmni að leiðarljósi. Félagið sé í eigu íslenska ríkisins og því eðlilegt að rekstur þess styðji við markmið og skuldbindingar stjórnvalda tengt orkumálum. Varðandi athugasemdir er lúta að losun frá fyrirtækinu, bendir umsækjandi á að losun vegna orkuvinnslu Landsvirkjunar sé með því lægsta sem þekkist í raforkuvinnslu. Losun fyrirtækisins á hverja orkueiningu hafi minnkað um 38% frá árinu 2008 (til ársins 2024). Umsækjandi tekur þó fram að rétt sé að á undanförunum árum hafi losun á gróðurhúsalofttegundum frá fyrirtækinu aukist, en þar skiptir mestu losun vegna breytileika í vinnslu jarðvarmastöðva þar sem losun frá þeim sé meiri á hverja vinnslueiningu en frá vatnsaflsstöðvum. Aukning í losun gróðurhúsalofttegunda undanfarin ár stafi nánast alfarið af aukinni orkuvinnslu sem megi rekja til meiri raforkuframleiðslu frá nýtingu jarðvarma vegna lítillar vatnsstöðu í lónum vatnsaflsvirkjana. Þá bendir umsækjandi á að umsókn um virkjunarleyfi sé í fullu samræmi við ákvæði raforkulaga, laga um stjórn vatnamála, reglugerðar um framkvæmd raforkulaga og leiðbeiningar sem settar séu fram á vefsíðu leyfisveitanda. Umsækjandi hafnar því alfarið að umsókn um virkjunarleyfi hafi verið broguð. Ekki hafi áður verið gerðar athugasemdir við umsókn Landsvirkjunar eða fram lögð gögn, heldur eingöngu málsmeðferð við afgreiðslu umsóknar sem og mistök við lagasetningu. Að lokum bregst umsækjandi við athugasemdum er lúta að laxastofni í Þjórsa og vísar í þeim efnum til leyfis Fiskistofu sem þegar hafi fengið efnislega umfjöllun og verið staðfest af dómstólum. Í því sambandi ítrekar umsækjandi að umsókn um bráðabirgðaleyfi nái ekki til framkvæmda í eða við vatnsfarveg og munu þær því hvorki hafa bein né óbein áhrif á vatnshlot, ástand vatnshlota eða umhverfismarkmið þeirra.

Umhverfis- og orkustofnun metur svör Landsvirkjunar við athugasemdum

Náttúruverndarsamtaka Íslands fullnægjandi og vísast jafnframt til umfjöllunar hér að framan þar sem rakin er afstaða stofnunarinnar til skilyrða 4. gr. a. raforkulaga fyrir veitingu bráðabirgðaheimildar.

Niðurstaða

Í ljósi framangreinds, og í samræmi við 4. gr. a. raforkulaga nr. 65/2003, sbr. 1. gr. laga nr. 42/2025, hefur Umhverfis- og orkustofnun tekið ákvörðun um að veita Landsvirkjun, kt. 420269-1299, bráðabirgðahæimild fyrir undirbúningsframkvæmdir vegna Hvammsvirkjunar,

95 MW, í Þjórsá, Rangárþingi ytra og Skeiða- og Gnúpverjahreppi. Bráðabirgðaheimildin er háð skilyrðum þeim sem rakin eru hér á eftir.

Skilyrði bráðabirgðaheimildar fyrir Hvammsvirkjun:

1. Leyfðar framkvæmdir

Landsvirkjun hefur einungis heimild til að halda áfram undirbúningsframkvæmdum sem hafa ekki áhrif á vatnshlot.

Leyfðar undirbúningsframkvæmdir felast í uppsetningu vinnubúða, aðkomuvegi og annarri vegagerð innan framkvæmdasvæðis og efnisvinnslu fyrir vegagerð auk raf-, fjar- og hitavatnsveitu vinnubúða- og framkvæmdasvæðis.

2. Samræmi við skipulag og önnur lög

Landsvirkjun ber að uppfylla gildandi lög og reglugerðir á starfssviði sínu, sérstaklega ákvæði raforkulaga nr. 65/2003 og reglugerð nr. 1040/2005 um framkvæmd raforkulaga.

Haga skal framkvæmdum í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

3. Eftirlit

Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með framkvæmd leyfisins samkvæmt VII. kafla raforkulaga. Stofnunin hefur samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

Umhverfis- og orkustofnun getur kafið leyfishafa um allar upplýsingar og gögn sem nauðsynleg eru við framkvæmd eftirlitsins. Skulu gögn og upplýsingar berast innan hæfilegs frests sem Umhverfis- og orkustofnun setur. Leyfishafi skal aðstoða við eftirlitið og veita aðgang að þeim gögnum sem snerta það með beinum hætti. Umhverfis- og orkustofnun getur haft samráð við aðra opinbera aðila eftir því sem þörf krefur.

4. Frágangur starfsstöðvar og svæðis

Leyfishafa er skylt að ganga vel um og skal hann halda framkvæmdasvæðinu snyrtilegu og sinna viðhaldi á mannvirkjum og búnaði. Leyfishafi skal sýna ýtrustu varúð þannig að jarðvegi verði ekki spillt með mengun, sbr. reglugerð nr. 1400/2020 um mengaðan jarðveg.

Leyfishafi skal taka tillit til umhverfissjónarmiða við framkvæmdir sem og við frágang að þeim loknum. Leyfishafi skal skilja við svæðið, svo sem nokkur kostur er, í sama ásigkomulagi og fyrir framkvæmdir. Frágangur skal vera með þeim hætti að hann fyrirbyggji ekki framtíðarnotkun á svæðinu.

5. Vatnamál

Samkvæmt lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála skulu vatnshlot ná þeim umhverfismarkmiðum sem sett hafa verið fyrir þau. Samkvæmt 12. gr. laganna má ástand vatnshlota ekki versna, hvorki tímabundið né varanlega. Gæðapættir sem notaðir eru til að meta ástand vatnshlota eru settir fram í reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun og eru útfærðir nánar m.t.t. ástandsflokka í vatnaáætlun. Framkvæmdir skulu einnig vera í samræmi við reglugerðir nr. 796/1999 um varnir gegn mengun vatns og nr. 797/1999 um varnir gegn mengun grunnvatns.

6. Skaðabótaskylda og vátryggingar

Leyfishafi er skaðabótaskyldur vegna tjóns sem hlýst af starfsemi á grundvelli leyfis þessa, í samræmi við almennar reglur skaðabótaréttarins, og ber að hafa tryggingu hjá viðurkenndu tryggingarfélagi vegna tjóns sem kann að hljótast af starfsemi hans almennt.

Endurskoðun, afturköllun og kæruheimild

Umhverfis- og orkustofnun er heimilt að endurskoða bráðabirgðaheimildina hafi forsendur fyrir skilyrðum leyfisins breyst verulega.

Umhverfis- og orkustofnun er einnig heimilt að endurskoða leyfið eða setja ný skilyrði leiði vöktun í ljós að umhverfismarkmið sem sett hafa verið fyrir nærliggjandi vatnshlot á grundvelli laga nr. 36/2011 um stjórn vatnamála, nást ekki, sbr. 3. mgr. 6. gr. raforkulaga nr. 65/2003. Við ákvörðunina skal líta til þess hvaða áhrif breytingin hefur á hagsmuni leyfishafa og til ávinnings og óhagræðis sem hún ylli að öðru leyti. Endurskoðun skal tryggja að umhverfismarkmiðum verði náð.

Fari leyfishafi ekki að skilyrðum raforkulaga, reglugerða settra samkvæmt þeim, skilyrðum leyfisins, samningum sem tengjast leyfinu eða öðrum heimildum mun Umhverfis- og orkustofnun veita honum skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef leyfishafi sinnir ekki aðvöruninni innan tilgreindra tímamarka getur Umhverfis- og orkustofnun afturkallað leyfið eða breytt því. Ef um alvarleg brot eða vanrækslu er að ræða eða ljóst er að leyfishafi getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu getur Umhverfis- og orkustofnun þó afturkallað það án aðvörunar, sbr. 36. gr. raforkulaga.

Um afturköllun og endurskoðun á leyfinu fer að öðru leyti eftir ákvæðum stjórnsýslulaga nr. 37/1993 og ólögfestum meginreglum stjórnsýsluréttarins.

Umhverfis- og orkustofnun mun birta bráðabirgðaheimildina í Lögbirtingablaðinu og á vefsíðu sinni. Leyfi þetta gildir þar til virkjunarleyfi samkvæmt 4. gr. raforkulaga hefur verið gefið út en þó eigi lengur en sex mánuði frá útgáfu, eða til og með 11. janúar 2026. Komi í

Ljós þörf á að fá bráðabirgðaheimildina framlengda skal sækja um tímanlega eða eigi síðar en mánuði áður en bráðabirgðaheimildin rennur út.

Fyrir leyfi sem Umhverfis- og orkustofnun veitir og fyrir eftirlit sem stofnuninni er falið samkvæmt raforkulögum er heimilt að innheimta gjald samkvæmt gildandi gjaldskrá.

Ákvörðun Umhverfis- og orkustofnunar um útgáfu bráðabirgðaheimildar er kæránleg til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála innan eins mánaðar frá birtingu ákvörðunarinnar, sbr. 2. mgr. 37. gr. raforkulaga m.s.br., sbr. einnig 4. gr. laga nr. 130/2011 um úrskurðarnefnd umhverfis- og auðlindamála.

Virðingarfyllst,

Gestur Pétursson

Forstjóri

Vigdís Louise Jónsdóttir

Sérfræðingur